

**1991 nr. 55 31. maí****Lög um þingsköp Alþingis**

Tóku gildi 31. maí 1991. Breytt með: L. 74/1992 (tóku gildi 19. ágúst 1992). L. 102/1993 (tóku gildi 6. okt. 1993). L. 68/2007 (tóku gildi 4. apríl 2007). L. 102/2007 (tóku gildi 7. júní 2007). L. 161/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008). L. 84/2011 (tóku gildi 30. júní 2011 nema 1. gr. og c-liður 14. gr. sem tóku gildi 1. sept. 2012). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 85/2012 (tóku gildi 11. sept. 2012 nema 2. maísl. b-liðar 12. gr. sem tók gildi 1. sept. 2013). L. 88/2013 (tóku gildi 16. júlí 2013). L. 89/2016 (tóku gildi 10. sept. 2016).

**I. Pingskipun.****■ 1. gr.**

□ Þegar Alþingi kemur saman við þingsetningu [að loknum alþingiskosningum]<sup>1)</sup> skal sá þingmaður, sem hefur lengsta ...<sup>2)</sup> þingsetu að baki, stjórna [fundinum]<sup>3)</sup> þangað til forseti þingsins er kosinn og standa fyrir kosningu hans. Hafi tveir þingmenn eða fleiri setið jafnlengi á þingi skal sá teljast aldursforseti sem eldri er.

□ Á fyrsta fundi þingsins eftir kosningar til Alþingis skal kjósa níu þingmenn í nefnd eftir reglum [82. gr.]<sup>3)</sup> til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmannna og varapingmanna. Nefndin kýs sér formann og framsögumann og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talin gild. [Tillögurnar má bera upp munnelega, án nokkurs fyrirvara, og greiða má atkvæði um þær í einu lagi.]<sup>2)</sup>

□ [Við umræður um tillögur skv. 2. mgr. gilda sömu reglur og við 2. umræðu um lagafrumvörp.]<sup>2)</sup>

□ [Samkomudagur Alþingis er annar þriðjudagur í september, sbr. 35. gr. stjórnarskrárinna.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 161/2007, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>4)</sup> L. 84/2011, 1. gr.

**■ 2. gr.**

□ [Sérhver nýr þingmaður skal vinna svofellt drengskaparheit að stjórnarskránni undireins og búið er að viðurkenna að kosning hans sé gild, sbr. 47. gr. stjórnarskrárinna: Ég undirskrifadur/uð, sem kosin(n) er þingmaður til Alþingis Íslendinga, heiti því, að viðlögðum drengskap mínum og heiðri, að halda stjórnarskrá landsins.

□ Meðan þingmaður hefur ekki unnið heit samkvæmt þessari grein má hann ekki taka þátt í þingstörfum, sbr. þó 5. mgr. 5. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 68/2007, 2. gr.

**■ 3. gr.**

□ Þá skal kjósa forseta Alþingis. Í kjöri eru þeir einir sem tilnefndir eru og eigi hreyfa andmælum við því.

□ [Rétt kjörinn forseti er sá er hefur hlutið meira en helming greiddra atkvæða. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu skal kosið að nýju. Fái þá heldur enginn nógum mörg atkvæði skal kjósa um þá tvo þingmenn er flest atkvæði fengu við síðari kosninguna. Hafi við þá kosningu fleiri en tveir fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá jafnmörg atkvæði við þriðju kosninguna ræður hlutkesti hvor þeirra verður forseti.]<sup>1)</sup>

□ Forseti gengst fyrir kosningu [sex varaforseta]<sup>2)</sup> skv. [82. gr.]<sup>3)</sup> Ef ekki er samkomulag milli þingflokkja um einn lista skal kosning fara eftir reglum 5. mgr. þeirrar greinar.

□ [Hluta skal um sæti þingmannna á þingsetningarfundi í upphafi hvers löggjafarpings.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 68/2007, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 74/1992, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>4)</sup> L. 161/2007, 2. gr.

**■ 4. gr.**

□ Kjörbréfanefnd skv. 1. gr. skal einnig prófa kjörbréf er síðar koma fram, svo og rannsaka kosningar og kjörgengi,

er þingið hefur frestað að taka gild, og kærur yfir kosningum eða kjörgengi er þegar eru tekin gild.

□ Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu eða ef hún leggur til að kosning skuli teljast ógild skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umræðu lagafrumvarpa ...<sup>1)</sup>. Ella fer um tillögur nefndarinnar eftir því sem ákveðið er um tillögur hennar í 1. gr.

□ [Pegar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, sbr. 13. gr., hefur verið kjörin, tekur hún við verkefnum kjörbréfanefndar skv. 1. mgr.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 161/2007, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 2. gr.

**■ 5. gr.**

□ Pingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurð að kosningu ógilda þótt eigi hafi hún kærð verið og einnig frestað að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

□ Sama er um kjörgengi.

□ Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar eða kjörgengi en gerir það því aðeins að kært sé yfir þeim.

□ Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

□ Við prófun kosninga og kjörgengis hefur sérhver þingmaður fullan þingmannsrétt. En fresti þingið úrskurði um kjörbréf þingmanns þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins uns það mál er útkljáð og kosning hans og kjörgengi viðurkennd.

**■ 6. gr.**

□ [Kosning forseta, varaforseta, fastanefnda og alþjóðanefnda, sbr. 3., 13. og 35. gr., gildir fyrir allt kjörtímabilið. Þingið getur þó, hvenær sem er, kosið að nýju skv. 3., 13. og 35. gr. ef fyrir liggur beiðni meiri hluta þingmannna þar um og fellur þá hin fyrri kosning úr gildi er ný kosning hefur farið fram.

□ Fráfarandi forseti og varaforsetar skulu gegna störfum frá kjördegi og fram til þingsetningar hafi þeir verið endurkjörinir alþingismenn. Sé forseti ekki endurkjörinn gegnir störfum hans sá varaforseti sem næst honum gengur í röð endurkjörinna varaforseta, ella aldursforseti, sbr. 1. gr., sé enginn þeirra þingmaður lengur.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 68/2007, 4. gr.

**■ 7. gr.**

□ Aldursforseti, sbr. 1. gr., hefur, meðan hann skipar forsetasæti, allan sama rétt og skyldur sem forseti.

**■ 8. gr.**

□ [Forseti stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu. Hann skal sjá til þess að störf þingsins séu í samræmi við ákvæði stjórnarskrá, þingskapa og annarra laga, [sbr. og 81. gr.]<sup>1)</sup>

□ Forseti tekur við öllum erindum til Alþingis og annast um afgreiðslu þeirra mála er frá þinginu eiga að fara. Forseti skýrir á þingfundu frá erindum sem send eru Alþingi og þingskjólum sem lögð eru fram meðan á þingfundu stendur.

□ Beina má fyrirspurnum til forseta á þingskjali og óska skriflegs svars um stjórnarsýslu á vegum þingsins. Gilda þá ákvæði [57. gr.]<sup>2)</sup> um meðferð fyrirspurna eins og við getur átt.]<sup>3)</sup>

□ Nú vill forseti taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur og víkur hann þá á þingmannabekk en varaforseti tekur forsetasæti á meðan.

□ Forseti hefur umsjón með starfi þingnefnda, sbr. II. kafla. [Hann [setur]<sup>4)</sup> almennar reglur um fundarsköp nefndanna og starfsaðstöðu, að höfðu samráði við formenn nefnda og þingflokk.]<sup>3)</sup> [Nefnd getur leitað úrskurðar forseta um skilning eða framkvæmd reglna sem settar hafa verið um störf nefnda.]<sup>1)</sup>

□ Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í hans stað.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 68/2007, 5. gr. <sup>4)</sup> L. 84/2011, 3. gr.

### ■ 9. gr.

□ Forseti ber ábyrgð á rekstri Alþingis og hefur æðsta vald í stjórnsýslu þess.

### ■ 10. gr.

□ Með forseta starfa varaforsetar og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Forseti stjórnar fundum hennar. [Þingflokk, sem ekki á fulltrúa í forsætisnefnd, er heimilt, með samþykki nefndarinnar, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hennar.]<sup>1)</sup>

□ [Forsætisnefnd skipuleggur þinghaldið og gerir starfsáætlun fyrir hvert þing. Í starfsáætlun skal að jafnaði skipta starfstíma þingsins í [þrjár annir]:<sup>2)</sup>

1. Haustþing, frá þingsetningu ...<sup>2)</sup> fram að jólahléi.
2. Vetrarþing, að loknu jólahléi fram að dýmibílviku.
3. Vorþing, að lokinni páskaviku til loka maímánaðar.
4. ...<sup>2)</sup>

□ Sumarhlé þingsins er frá 1. júlí til 10. ágúst og skal ekki boða til nefndafunda á þeim tíma nema brýn nauðsyn krefji. □ Í starfsáætlun skal tilgreina hvaða daga ætla má að þingfundir verði, hvaða daga einvörðungu fundir í nefndum eða þingflokkum og hvaða dagar ætlaðir eru sérstaklega til [annarra starfa þingmanna, svo sem starfa í kjördæmum].<sup>2)</sup> Reglugerir þingfundir samkvæmt starfsáætlun skulu ekki standa lengur en til kl. 8 síðdegis. Frá því má þó víkja ef þingflokkar ná samkomulagi þar um eða ef þingið samþykki, sbr. [81. gr.]<sup>3)</sup> Tillögu um lengri fundartíma getur forseti borið upp án nokkurs fyrirvara. Þá getur forseti ákveðið að þingfundur standi til miðnættis á þriðjudagskvöldum.

□ Forsætisnefnd fjallar um fjárhagsáætlanir þingsins og stofnana sem undir Alþingi heyra og hefur umsjón með alþjóðasamstarfi sem Alþingi á aðild að. Nefndin setur almennar reglur um rekstur þingsins og stjórnsýslu. Auk þess fjallar forsætisnefnd um þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða varaforsetar óska að ræða. Verði ágreiningur í nefndinni sker forseti úr.]<sup>1)</sup>

□ ...<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 161/2007, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 2. gr. <sup>3)</sup> L. 85/2012, 28. gr.

### ■ 11. gr.

□ Forsætisnefnd ræður skrifstofustjóra til sex ára í senn. Hann stjórnar skrifstofu Alþingis og framkvæmdum á vegum þingsins, hefur umsjón með fjáreiðum þess og eignum í umboði forseta.

□ Skrifstofustjóri situr fundi forsætisnefndar og er forseta og nefndinni til aðstoðar í öllu er varðar stjórn þingsins.

□ [Skrifstofustjóri ræður aðra starfsmenn þingsins.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 68/2007, 6. gr.

### ■ 12. gr.

□ [Skrifstofustjóri Alþingis, eða fulltrúi hans, situr þingfundi og er forsetum til aðstoðar.

□ ...<sup>1)</sup>[<sup>2)</sup>]

□ Skrifstofustjóri skal ásamt forseta sjá um að samþykktir þingsins séu skrásettar og rita forsetinn og skrifstofustjórin undir þær.

□ [Í skjalasafni Alþingis skal varðveita erindi er þinginu berast, sbr. 2. mgr. 8. gr. og 28. gr., svo og gerðabækur þess, fundargerðir nefnda og önnur skjöl er varða starfsemi þingsins og rekstur eða Alþingi er falið að varðveita, sbr. og 10. gr. stjórnarskráinnar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 7. gr.

## II. Nefndir.

### ■ 13. gr.

□ [Á Alþingi starfa þessar fastanefndir, að jafnaði skipaðar níu mönnum hver:

#### 1. Allsherjar- og menntamálanefnd.

Nefndin fjallar um dóms- og löggæslumál, mannréttindamál, ríkisborgararétt, neytendamál, málefni þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga og jafnréttismál, svo og um mennta- og menningarmál og vísinda- og tæknimál.

#### 2. Efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin fjallar um efnahagsmál almennt, viðskiptamál, þ.m.t. bankamál, [fjármálastarfsemi og lífeyrismál],<sup>1)</sup> svo og skatta- og tollamál.

#### 3. Atvinnuveganefnd.

Nefndin fjallar um sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, iðnaðar- og orkumál, nýsköpun og tæknipróun, atvinnumál almennt og einnig nýtingu auðlinda á grundvelli rannsókna og ráðgjafar.

#### 4. Umhverfis- og samgöngunefnd.

Nefndin fjallar um umhverfismál, skipulags- og byggingarmál og rannsóknir, ráðgjöf, verndun og sjálfbærni á svíði auðlindamála almennt. Enn fremur fjallar nefndin um samgöngumál, þ.m.t. framkvæmdaætlanir, byggðamál svo og málefni sveitarstjórnarstigsins og verkaskiptingu þess og ríkisins.

#### 5. Fjárlaganefnd.

Nefndin fjallar um fjármál ríkisins, fjárveitingar, eignir ríkisins, lásheimildir og ríkisábyrgðir og [lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs].<sup>1)</sup> ...<sup>1)</sup> Enn fremur skal nefndin annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

#### 6. Utanríkismálanefnd.

Nefndin fjallar um samskipti við erlend ríki og alþjóðastofnanir, varnar- og öryggismál, útflutningsverslun, málefni Evrópska efnahagssvæðisins og þróunarmál, svo og utanríkis- og alþjóðamál almennt. Enn fremur fjallar nefndin um skýrslur alþjóðanefnda sem og skýrslu [ráðherra]<sup>2)</sup> um utanríkis- og alþjóðamál.

#### 7. Velferðarnefnd.

Nefndin fjallar um sjúkra- og lífeyristryggingar, félagsþjónustu, málefni barna, málefni aldraðra og málefni fatlaðra, húsnaðismál, vinnumarkaðsmál og heilbrigðisþjónustu.

#### 8. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Nefndin fjallar um stjórnarskrármál, málefni forseta Íslands, Alþingis og stofnana þess, kosningamál, málefni Stjórnarráðsins í heild og önnur mál sem varða æðstu stjórn ríkisins. [ENN fremur fjallar nefndin um ársskýrslu og tilkynningar umboðsmanns Alþingis, svo og um skýrslur Ríkisendurskoðunar. Meti nefndin það svo að einstakar skýrslur Ríkisendurskoðunar eigi eftir efni sínu fremur að fá athugun í annari nefnd vísar hún þeim skýrslum þangað. Nefnd sem tekur þannig við skýrslu Ríkisendurskoðunar skilar þá

áliti til þingsins eftir athugun sína á skýrslunni en um aðrar skýrslur fjallar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og skilar álti um þær.]<sup>1)</sup>

Nefndin skal einnig hafa frumkvæði að því að kanna ákvárdanir einstakra ráðherra eða verklag þeirra sem ástæða þykir til að athuga á grundvelli þess eftirlitshlutverks sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu. Komi beiðni um slíka athugun frá a.m.k. fjórðungi nefndarmanna skal hún fara fram. Um athugun sína getur nefndin gefið þinginu skýrslu.

Nefndin skal jafnframt leggja mat á og gera tillögu til Alþingis um hvenær rétt er að skipa rannsóknarnefnd, sbr. lög um rannsóknarnefndir. Nefndin tekur skýrslur slíkrar nefndar til umfjöllunar og gefur þinginu álit sitt um þær og gerir tillögur um frekari aðgerðir þingsins.

□ Fastanefndir skal kjósa á þingsetningarfundi Alþingis að afloknum alþingiskosningum og gildir kosningin fyrir allt kjörtímabilið.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 158. gr. <sup>3)</sup> L. 84/2011, 5. gr.

#### ■ 14. gr.

□ [Formenn þingflokkka skulu á þingsetningarfundi leggja fram við kosningu fastanefnda, sbr. 13. gr., og við kosningu alþjóðanefnda, sbr. 35. gr., tillögu um skipun nefndanna, svo og varamanna í þeim. Tillagan skal byggjast á hlutfallslegum þingstyrk flokkanna og miðast við heildarfjölda nefndarsæta, annars vegar í fastanefndum og hins vegar í alþjóðanefndum. Skipa skal nefndarsætum með hliðsjón af þeirri aðferð við hlutfallskosningu sem kennið er við d'Hondt, sbr. [82. gr.]<sup>1)</sup> Þó má víkja frá þessu til að samstarf þingflokkka á Alþingi endurspeglist í nefndum. Hver alþingismaður á rétt á sæti í a.m.k. einni nefnd skv. 13. gr., en enginn má þó eiga sæti í fleiri en tveimur fastanefndum. Taka skal sérstakt tillit til óska þingflokkka sem eiga ekki rétt á sæti í öllum fastanefndum. Hafa skal hliðsjón af fundaskrá nefndanna við skiptingu nefndarsæta [milli þingmanna].<sup>2)</sup> Í tillögunni skal jafnframt tilgreina hvernig embættum formanns, 1. varaformanns og 2. varaformanns í fastanefndum er skipt milli þingflokkar. Heimilt er í tillögunni að víkja frá fjölda fulltrúa í fastanefndum. Í alþjóðanefndum skal kjósa formann og einn varaformann. Sé tillaga formanna þingflokkanna samþykkt er kosningu nefndanna lokið, svo og kosningu embættismanna þeirra.

□ Þingflokk, sem ekki á fulltrúa í fastanefnd skv. 13. gr., er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hennar. □ Nú næst ekki samkomulag milli þingflokkar um nefndskipunina eða formennsku í nefndum, eða tillaga frá þeim eða hluta þeirra nær ekki tveimur þriðju hlutum atkvæða á þingsetningarfundi, skal kjósa til nefndanna á þeim fundi, hvarr fyrir sig, eftir reglum [82. gr.]<sup>1)</sup> (d'Hondt). Skulu þá nefndirnar kjósa sér formann og varaformenn á fyrsta fundi hvarr nefndar er boða skal til innan viku frá kosningu hennar. Sá kveður þá þingnefnd saman til fyrsta fundar er fyrstur var kosinn. Forseti skal tilkynna kjör þeirra á þingfund.

□ Nefnd getur hvenær sem er kosið að nýju formann eða varaformenn ef fyrir liggur beiðni meiri hluta nefndarmanna og fellur þá hin fyrri kosning úr gildi er ný kosning hefur farið fram.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 4. gr. <sup>3)</sup> L. 84/2011, 6. gr.

#### ■ 15. gr.

□ [Formaður, eða varaformaður í forföllum hans, boðar til fundar í nefnd, ákveður dagskrá, sbr. þó 2. mgr., og stýrir fundum nefndarinna.]<sup>1)</sup> [Ef formaður og varaformenn eru

forfallaðir, eða varaþingmenn sitja fyrir þá, felur formaður öðrum nefndarmanni að undirbúa fund nefndar og gegna formannsstörfum til bráðabirgða.]<sup>2)</sup>

□ [Formanni nefndar er skyldt að boða til fundar ef ósk berst um það frá a.m.k. [fjórðungi]<sup>2)</sup> nefndarmanna og taka á dagsskrá þau mál sem tilgreind eru. Sama gildir um ósk frá þeim nefndarmanni sem falið hefur verið að vinna að athugun máls, sbr. 27. gr.]<sup>3)</sup> [Þá getur [fjórðungur]<sup>2)</sup> nefndarmanna óskað eftir því að ráðherra komi á fundi þingnefndar í þinghléum.]<sup>4)</sup> [Fundur skal haldinn svo fljótt sem við verður komið eftir að ósk berst. Formaður skal gefa viðhlítandi skýringar ef drengið umfram þrjá virka daga að halda fund í nefndinni.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 7. gr. <sup>3)</sup> L. 102/1993, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 161/2007, 5. gr.

#### ■ 16. gr.

□ Heimilt er þingflokkum að hafa mannaskipti í nefndum. Ósk um slík mannaskipti skal lögð fyrir forseta er tilkynnir um hana á þingfund. Sé óskað atkvæðagreiðslu um mannaskiptin skal forseti láta ganga til atkvæða um þau á þingfund.

□ [Mannaskipti í þingnefndum getur þingflokkur enn fremur haft eftir reglum 1. mgr. þótt þau varði þingmann sem hefur sagt sig úr þingflokknum enda séu þau gerð innan viku frá því að tilkynning um úrsögn úr þingflokkri er tilkynnt og þingflokkurinn á hlutfallslega rétt til sætis í nefndinni, sbr. 14. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 6. gr.

#### ■ 17. gr.

□ [Um skyldu nefndarmanna til að sækja nefndarfund gilda almennar reglur um fundarsókn þingmanna, sbr. 65. gr. Forföll skulu tilkynnt formanni eða eftir atvikum ritara nefndarinnar.

□ Varaþingmaður, sem tekur sæti á Alþingi í forföllum þingmanns, skal að jafnaði sitja í þeim nefndum sem aðalmaður var kjarinn í. Þingflokkur hans getur þó ákveðið aðra skipan og skal þá annaðhvort varamaður þingfloksins í nefndinni taka sæti aðalmanns um stundarsakir eða, ef þingflokkur ákveður svo, fylgja reglum 3. mgr. um staðengil. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig við fráfall þingmanns eða afsögn.

□ Í forföllum nefndarmanns og varamanns í nefndinni er þingflokk hans heimilt að tilnefna sem staðengil annan þingmann sem varamann um stundarsakir til setu í nefnd og skal tilkynna formanni nefndar um það eða ritara nefndarinnar. Staðengill nýtur allra sömu réttinda og aðrir nefndarmenn. Sé staðengili ætluð seta í nefnd um ákveðinn tíma skal tilkynna um það á vefsíði nefndarinnar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 7. gr.

#### ■ 18. gr.

□ [Fundatími nefnda skal ákveðinn áður en kosið er til nefndanna, sbr. 14. gr. Forseti ákveður í samráði við formenn nefndar starfsdaga þeirra og starfshætti að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um þá í þingsköpum.]<sup>1)</sup>

□ Forseti skal gera áætlun um afgreiðslu mála úr nefndum í samráði við formenn þeirra þannig að unnt sé að skipa málum niður á dagskrá þingsins í hagkvæmri tímaröð og dreifa þeim sem jafnast á þingtímann.

□ [Forseti getur sett nefnd, sem hefur mál til athugunar, frest til afgreiðslu þess og útgáfu nefndarálits eða framhalds-nefndarálits ef hann telur að athugun nefndarinnar hafi drengist óeðlilega. Skal forseti tilkynna um frestinn á þingfund. Atkvæða skal leita [um ákvörðun forseta]<sup>2)</sup> ef einhver þingmaður óskar þess.]<sup>1)</sup>

...<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 8. gr.

### ■ 19. gr.

[Nefndarfundi mega auk nefndarmanna sitja starfsmenn nefndanna og þeir gestir sem nefnd kveður til funda eða fellst á að komi fyrir nefndina. Óheimilt er að vitna til orða nefndarmanna eða gesta sem falla á lokuðum nefndarfundi nema með leyfi viðkomandi, sbr. þó 2. mgr.]

Þegar gestir koma fyrir þingnefnd, aðrir en þeir sem starfa í Stjórnarráðinu á ábyrgð ráðherra, er nefnd jafnan heimilt að opna slíka fundi, eða hluta fundar, fyrir fréttamönnum. Gildir þá ekki ákvæði 1. mgr. um tilvitnun til orða gesta á nefndarfundi. Ákvæði þessarar málsgreinar á ekki við ef nefnd hefur fallist á að taka við upplýsingum eða gögnum í trúnaði, sbr. [50. gr.]<sup>1)</sup>

Nefnd getur einnig haldið opinn fund í því skyni að afla upplýsinga um þingmál sem vísað hefur verið til hennar eða um mál sem nefndin tekur upp að eigin frumkvæði. Nefnd getur óskað eftir því að númerandi eða fyrverandi ráðherra, forstöðumenn sjálfstæðra ríkisstofnana, formenn ráða og nefnda á vegum ríkisins, ríkisendurskoðandi, umboðsmaður Alþingis, fulltrúar hagsmunaaðila og sérfræðingar sem ekki starfa undir stjórn eða á ábyrgð ráðherra komi á opinn fund og veiti nefndinni upplýsingar. Fari að minnsta kosti fjórðungur nefndarmanna fram á slíkan fund skal formaður nefndarinnar leita eftir því með hæfilegum fyrirvara við þann sem beðinn er að koma á opinn fund að hann verði við því og gera honum grein fyrir tilefni fundarins.

Opnir fundir skulu haldnir í heyranda hljóði og sendir út í sjónvarpi og á vef samkvæmt nánari reglum forsetisnefndar.

Óheimilt er að miðla upplýsingum á opnum fundi, eða vísa til þeirra, sem eiga að fara leynt samkvæmt reglum um þagnarskyldu eða upplýsingalögum. Formaður nefndar getur ákvæði að fundi skuli lokað svo að leggja megi fram slíkar trúnaðarupplýsingar.

Forseti setur nánari reglur um framkvæmd opinna funda, m.a. um aðgang áheyrenda og útsendingu [frá fundum].<sup>2)</sup>[<sup>3)</sup>]<sup>1)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 9. gr. <sup>3)</sup> L. 84/2011, 10. gr.

### ■ 20. gr.

Nefndarfundi skal ekki halda þegar þingfundur stendur yfir. Frá þessu má þó víkja ef nefndarmenn samþykkja og forseti hreyfir ekki andmælum.

### ■ 21. gr.

Nefndir skulu halda gerðabók um það sem fram fer á fundum. Starfsmaður nefndar, nefndarritari, ritar fundargerð og skal fundargerðin undirrituð af formanni og nefndarritara. [Fundargerð skal samþykkt annaðhvort í lok fundar eða í upphafi næsta fundar nefndar og því næst birt á vef þingsins. Undan skal þó fella þau atriði fundargerðar sem hafa að geyma þagnarskyldar upplýsingar. Hver nefnd heldur gerðabók þar sem bóka skal trúnaðarmál.]<sup>1)</sup> Forseti setur nánari reglur um frágang fundargerða nefnda.

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 11. gr.

### ■ 22. gr.

Formanni er heimilt að setja nefndarfund ef til hans hefur verið boðað með dagskrá. Fundurinn er þó því aðeins ályktunarbarð að meiri hluti nefndarmanna sé staddur á fundi.

### ■ 23. gr.

Til fastanefnda getur þingið vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd ihugi. . . .<sup>1)</sup> Vísa má

máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið þá skal henni frestað. [Við framhald umræðunnar gilda á ný ákvæði [95. gr.]<sup>2)</sup> um ræðutíma við þá umræðu.]<sup>1)</sup>

Áður en 1. umræða fer fram um stjórnarfrumvörp eða fyrri umræða um tillögur frá ríkisstjórninni getur forseti heimilað, ef ósk berst um það frá níu þingmönnum, að nefnd athugi mál í því skyni að afla frekari upplýsinga um það eða skýringa á efni þess. Slíkt er og heimilt að gera að lokinni framsöguræðu um málið. Forseti ákveður hve lengi athugun nefndarinnar má standa.

Nefnd, sem fengið hefur mál til athugunar, skal heimilt að vísa því til annarrar fastanefndar telji hún við nánari athugun að málið eigi frekar heima í þeirri nefnd. Áður skal þó liggja fyrir samþykki þeirrar nefndar sem málinu er vísað til.

[Við umfjöllun um þingmál sem vísað hefur verið til nefndar getur hún leitað umsagnar annarra fastanefnda um málið, annaðhvort um málið í heild eða um tiltekin atriði þess. Getur nefndin þá jafnframt ákveðið frest sem önnur nefnd eða aðrar nefndir hafa til að skila umsögn sinni. Skal prenta umsagnir annarra nefnda með nefndaráliti um þingmálið.]

Þegar nefnd hefur lokið umfjöllun um mál, sem ekki er þingmál skv. III. kafla né fellur undir mál skv. 26. eða 31. gr., getur hún gert þinginu grein fyrir athugun sinni með álti á þingskali. Í álti nefndar má jafnframt gera tillögu til þings-ályktunar, sbr. 5. mgr. 45. gr.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 12. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 85/2012, 10. gr.

### ■ 24. gr.

Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskjú sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á.

[Skylt er ráðherra að veita utanríkismálanefnd upplýsingar og hafa samráð við hana um [mál sem varða Evrópska efnahagssvæðið (EES-mál)]<sup>1)</sup> í samræmi við reglur sem forsetisnefnd setur.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 11. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 13. gr.

### ■ 25. gr.

[Til fjárlaganefndar skal, auk málefna sem talin eru í 13. gr., vísa frumvarpi til fjárlaga, fjáruakalaga og lokafjárlaga er 1. umræðu um þau er lokið.]<sup>1)</sup> Frumvarpi til fjárlaga skal að nýju vísað til fjárlaganefndar að lokinni 2. umræðu.

[Fjárlagafrumvarp fyrir næsta fjárlagaár skal leggja fram á fyrsta fundi haustþings, sbr. 42. gr. stjórnarskrárinna. Frumvörp um breytingar á lögum sem útgjöld og tekjur frumvarpsins byggjast á skulu lögð fram samhliða fjárlagafrumvarpi.]<sup>1)</sup>

[Stefnt skal að því að 3. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár skuli lokið eigi síðar en við lok fyrstu heilu viku desembermáðar.]<sup>1)</sup>

Fjárlaganefnd á rétt á að fá þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana sem óska eftir framlögum úr ríkissjóði. Enn fremur er þeim stofnunum ríkisins, er fást við efnahagsmál, skyld að veita nefndinni upplýsingar og aðstoð sem hún þarf á að halda við afgreiðslu þingmála. . . .<sup>2)</sup>

[Áður en fjárlaganefnd afgreiðir tekjuhluta fjárlagafrumvarps á nefndin rétt á því að fjármálaráðuneytið leggi fyrir hana endurskoðaða tekjuáætlun næsta árs.]<sup>1)</sup>

[[Sá ráðherra er fer með fjáreiður ríkisins]<sup>3)</sup> skal leggja fyrir Alþingi, eigi síðar en 1. apríl ár hvert, tillögu til þings-

ályktunar um meginþkiptingu útgjalda fjárlaga næsta fjárlagaárs (ramma), svo og greinargerð um breytingar á tekju-öflun ríkisins. Með tillögum skal fylgja áætlun um ríkisfjármál næstu þriggja ára þar á eftir. [Tillögum skal vísa til fjárlaganefnar eftir fyrri umræðu. Nefndin getur leitað umsagnar annarra nefnda um einstök atriði tillögunnar eftir því sem hún ákveður hverju sinni og setur þá fresti til afgreiðslu umsagna annarra nefnda.]<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 12. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 14. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2011, 158. gr.

### ■ 26. gr.

□ [Á starfstíma sínum er nefnd hvænar sem er heimilt að fjalla um mál sem heyrir undir málefnaði hennar þó að þingið hafi ekki vísað því sérstaklega til hennar.

□ Nefnd getur, ef hún telur ástæðu til, gefið þinginu skýrslu um athugun sína skv. 1. mgr. þar sem gerð er grein fyrir ábendingum og athugasemdu nefndarinnar um það málefni sem hún hefur tekið upp. Í skýrslunni er heimilt að gera til-lögu til þingsályktunar og kemur tillagan til afgreiðslu við lok umræðunnar um skýrsluna, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 45. gr.

□ Að loknum alþingiskosningum tekur nýkjörin nefnd af-stöðu til þess hvort ólokinni athugun skv. 1. mgr. verði fram halddið.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 15. gr.

### ■ 27. gr.

□ [Pegar máli hefur verið vísað til nefndar til athugunar tekur hún ákvörðun um málsmeðferð og felur þá jafnframt eum nefndarmanni að vera framsögunaður málsins.]<sup>1)</sup> Fram-sögunaður skal þá fyrir hönd nefndarinnar vinna að athugun málsins, gera tillögu um afgreiðslu þess og drög að nefndar-álið þegar hann hefur lokið athugun sinni.

□ [Ef nefndarmaður gerir tillögu um að athugun máls sé hætt og það afgreitt frá nefndinni er formanni skyld að láta ganga atkvæði um þá tillögu á þeim fundi sem hún er borin fram. Tillagan telst því aðeins samþykkt að meiri hluti nefnd-armanna greiði henni atkvæði.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 102/1993, 2. gr.

### ■ 28. gr.

□ Nefnd getur við umfjöllun máls óskað skriflegra umsagna um það frá aðilum utan þings. Á sama hátt geta þeir er mál varðar komið skriflegum athugasemdu sínum að eigin frumkvæði á framfæri við nefnd. Sömuleiðis getur nefnd samþykkt að taka við gestum og hlýða á mál þeirra.

□ Forseti setur nánari reglur um meðferð erinda og umsagna sem berast nefndum.

### ■ 29. gr.

□ [Áður en nefnd lýkur athugun máls skal liggja fyrir tillaga að nefndarálið til afgreiðslu. Fallist nefndarmaður ekki á áltið skal hann tilkynna um það áður en lokaafgreiðsla málsins fer fram. Nefndarálið skal prenta og útbýta meðal þingmanna á fundi.]<sup>1)</sup> Ef nefnd er ekki einhuga um afgreiðslu máls og hver hluti hennar skilar álið skal hann tilnefna framsögu-mann. Eigi má taka málið til umræðu fyrir en að minnsta kosti einni nóttru síðar en álið nefndar eða meiri hluta hennar var útbýtt.

□ Fái nefnd mál til umfjöllunar á nýjan leik eftir útgáfu nefndarálits getur hún gefið út framhaldsnefndarálið. [Sömu tímafrestir um hvenær hefja má umræðu eftir útbýtingu fram-haldsnefndarálits gilda eins og annars um álið nefnda, sbr. 40. og 45. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 17. gr.

### ■ 30. gr.

□ Nefnd getur látið uppi álit á tveimur eða fleiri málum saman ef þau fjalla um skyld efni.

□ Mæli nefnd með samþykkt lagafrumvarps eða þingsálykt-unartillögur skal hún láta prenta með álið sínu áætlun um þann kostnað sem hún telur ný lög eða ályktun hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. [ENN fremur skal nefnd láta endurskoða kostn-aðarmat stjórnarfrumvarps, sbr. 37. gr., ef hún gerir verulegar breytingartillögur við frumvarpið.]<sup>1)</sup>

□ Forseti skal setja nánari reglur um frágang nefndarálita, m.a. um hvað koma skuli fram í þeim, og um prentun fylgi-skjala.

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 18. gr.

### ■ 31. gr.

□ Nefnd getur með skýrslu gert þinginu grein fyrir athugun sinni á þingmáli sem hún hefur ekki lokið athugun á að fullu telji hún sérstaka ástæðu til þess. Á sama hátt getur nefnd enn fremur gefið þinginu skýrslu um störf sín.

### ■ 32. gr.

□ Heimilt er að kjósa sérnefndir til að íhuga einstök mál. Um sérnefndir gilda sömu reglur og um fastanefndir eftir því sem við á.

### ■ 33. gr.

□ Heimilt er þingnefnd að afla sér sérfræðilegrar aðstoðar við afgreiðslu þingmála frá stofnunum eða einstaklingum utan skrifstofu Alþingis. Forseti setur nánari reglur um þetta efni.

### ■ 34. gr.

□ Hver fastanefnd skal hafa nefndarritara er ritar fundar-gerðir, aðstoðar við gerð nefndarálita og breytingartillagna, aflar upplýsinga, er nefnd óskar eftir, og hefur á hendi önnur þau verkefni sem nefnd ákveður.

### ■ 35. gr.

□ [Á Alþingi starfa þessar alþjóðanefndir:

1. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, IPU.

2. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

3. [Íslandsdeild þingmannanefnda EFTA og EES.]<sup>1)</sup>

4. Íslandsdeild NATO-þingsins.

5. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

6. Íslandsdeild Vestnorraðena ráðsins.

[7.]<sup>1)</sup> Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ÖSE.

[8.]<sup>1)</sup> Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norður-skautsmál.

□ Í alþjóðanefndir skal kjósa samhlíða kosningu fastanefnda skv. 13. gr. Í Íslandsdeild Norðurlandaráðs skulu kosnir sjö aðalmenn og jafnmargir varamenn, í Vestnorraðena ráðið sex aðalmenn og jafnmargir varamenn og í Íslandsdeild [þingmannanefnda]<sup>2)</sup> [EFTA og EES]<sup>1)</sup> fimm aðalmenn og jafnmargir varamenn. Í aðrar alþjóðanefndir skal kjósa þrijá aðalmenn og jafnmarga varamenn.

□ ...<sup>1)</sup>

□ Um fundarsköp alþjóðanefnda gilda sömu reglur og um fastanefndir eftir því sem við á.

□ Hver alþjóðanefnd skal hafa ritara sem er henni til aðstoðar.

□ Forseti [setur]<sup>1)</sup> almennar reglur um störf alþjóðanefnda þingmanna.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 19. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 13. gr. <sup>3)</sup> L. 68/2007, 14. gr.

### ■ 36. gr.

□ Forsætisnefnd getur stofnað tímabundið alþjóðanefndir til viðbótar þeim sem getið er um í 1. mgr. 35. gr. Auk þess get-

ur forsætisnefnd ákveðið að fela tiltekinni alþjóðanefnd afmörkuð alþjóðleg verkefni.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 20. gr.

### III. Pingmál.

#### ■ [37. gr.]<sup>1)</sup>

□ Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. [Stjórnarfrumvörpum skal fylgja mat á kostnaði fyrir ríkissjóð við lögfestingu þeirra.]<sup>2)</sup> [Forseti getur sett leiðbeiningarreglur um frágang lagafrumvarpa.]<sup>3)</sup> [Forseti setur enn fremur reglur um frágang lagafrumvarpa sem innleiða reglur er byggjast á ESB-gerðum (EES-mál).]<sup>2)</sup> Eigi má . . .<sup>4)</sup> taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minnsta kosti tvær nætur frá því er því var útbýtt.

□ [Lagafrumvörp, sem útbýtt er eftir lok nónembermánaðar, verða ekki tekin á dagskrá fyrir jólahlé nema með samþykki þingsins, sbr. [81. gr.]<sup>5)</sup> . . .<sup>2)</sup>]<sup>4)</sup>

□ [...]<sup>6)</sup> Lagafrumvörp, sem útbýtt er eftir 1. apríl, verða ekki tekin á dagskrá fyrir sumarhlé nema með samþykki þingsins, sbr. [81. gr.]<sup>5)</sup> Samþykkitis má þó fyrst leita þegar liðnir eru fimm dagar frá útbýtingu frumvarpsins en frá því má víkja ef þrír fimmstu hlutar þeirra þingmanna er um það greiða atkvæði samþykka.]<sup>2)</sup>

□ [Með útbýtingu samkvæmt þessari grein, svo og 6. mgr. 45. gr., er átt við að þingmál hafi borist skrifstofu Alþingis fullbúið, annaðhvort prentað eða tilbúið til birtingar á vef þingsins.]<sup>6)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 21. gr. <sup>3)</sup> L. 68/2007, 15. gr. <sup>4)</sup> L. 161/2007, 8. gr. <sup>5)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>6)</sup> L. 85/2012, 14. gr.

#### ■ [38. gr.]<sup>1)</sup>

□ Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður.

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 20. gr.

#### ■ [39. gr.]<sup>1)</sup>

□ Við fyrstu umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. [Þá er þeirri umræðu er lokið gengur það til annarrar umræðu og þeirrar nefndar er forseti leggur til. Atkvæða skal þó leitað ef einhver þingmaður óskar þess, svo og ef önnur tillaga kemur fram um til hvaða nefndar málið fari.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 16. gr.

#### ■ [40. gr.]<sup>1)</sup>

□ Önnur umræða fer eigi fram fyrr en einni nótturni eftir fyrstu umræðu eða útbýtingu nefndarálits og skal þá ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær. [Síðan skal greiða atkvæði um greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær sem fram hafa komið, svo og um einstök atriði er þingmenn beiðast. Frumvarpið gengur síðan til 3. umræðu en þó skal leita atkvæða um það ef einhver þingmaður óskar þess.]<sup>2)</sup>

□ [Breytist frumvarp við 2. umræðu skal nefnd fjalla um frumvarpið að nýju áður en 3. umræða hefst ef þingmaður eða ráðherra óskar þess.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 17. gr. <sup>3)</sup> L. 161/2007, 9. gr.

#### ■ [41. gr.]<sup>1)</sup>

□ Þriðja umræða má eigi fara fram fyrr en einni nótturni eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar er þær eiga við, svo og frumvarpið í heild. Þá er umræðum er lokið skal leita atkvæða um breytingartillögur og síðan um frumvarpið í heild sinni eins og það þá er orðið.

□ Hafi breytingartillaga verið samþykkt við 3. umræðu en umræðunni verið frestað áður en atkvæðagreiðsla fór fram um frumvarpið í heild og því vísað á ný til nefndar, sbr. 23. gr., er ráðherra, þingnafnd, sem haft hefur málið til athugunar, eða einstökum nefndarmönnum heimilt að leggja fram nýjar breytingartillögur við frumvarpið. [Við framhald umræðunnar gilda að nýju ákvæði [95. gr.]<sup>2)</sup> um 3. umræðu um lagafrumvörp ef breytingartillögur hafa komið fram.]<sup>3)</sup> Þegar umræðum er lokið skal fyrst greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan frumvarpið í heild eins og það þá er orðið.

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 161/2007, 10. gr.

#### ■ [42. gr.]<sup>1)</sup>

□ Þá er frumvarp hefur þannig verið samþykkt við þrjár umræður sendir forseti það ríkisstjórninni sem lög frá Alþingu.

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 20. gr.

#### ■ [43. gr.]<sup>1)</sup>

□ Lagafrumvarpi, er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal vísa til [stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar].<sup>2)</sup> Í fyrirsögn skal það nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlagu. Hafi það eigi þá fyrirsögn vísar forseti því frá.

□ Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, má aðeins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlagu. Sé hún gerð við annað frumvarp vísar forseti henni frá.

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 40. gr.

#### ■ [44. gr.]<sup>1)</sup>

□ Lagafrumvarp, er hefur verið fellt, má eigi bera upp aftur á sama þingi.

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 20. gr.

#### ■ [45. gr.]<sup>1)</sup>

□ Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Skal prenta þær og útbýta þeim meðal þingmanna á þingfund. Tillögur til þingsályktunar skal að jafnaði fylgja greinargerð með skýringu á efni hennar. Umræða má eigi fara fram fyrr en í fyrsta lagi tveimur nótum eftir að tillögunni var útbýtt.

□ Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd við tvær umræður. [Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra, tillögur um kosningu nefnda skv. 39. gr. stjórnarskrárinna, svo og tillögur nefnda, sbr. 2. mgr. 26. gr., skulu þó ræddar og afgreiddar við eina umræðu eftir reglum um síðari umræðu um þingsályktunartillögur. Sama gildir um tillögur um frestuðum Alþingis samkvæmt síðari málslíð 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinna.]<sup>2)</sup>

□ [...]<sup>3)</sup> [Er fyrri umræðu er lokið gengur tillagan til síðari umræðu og þeirrar nefndar er forseti leggur til. Atkvæða skal þó leitað ef einhver þingmaður óskar þess, svo og ef önnur tillaga kemur fram um til hvaða nefndar málið fari.]<sup>2)</sup> . . .<sup>3)</sup>

□ Síðari umræða fer eigi fram fyrr en einni nótturni eftir fyrri umræðu eða útbýtingu nefndarálits. Skal þá ræða tillögugreinar og breytingartillögur við þær. Þá er umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja tillögugrein og breytingartillögur við þær og lokus tillöguna í heild sinni. [Séu engar breytingartillögur má þó bera tillöguna upp í heild.]<sup>2)</sup> . . .<sup>3)</sup>

□ [Ef Alþingi berst erindi sem lýtur að málefni sem þingið verður samkvæmt stjórnarskrá eða lögum að taka afstöðu til en er ekki þingmál skv. III. kafla skýrir forseti frá því á þingfund. Málið gengur síðan án umræðu til nefndar samkvæmt tillögum sem forseti gerir. Þegar nefnd hefur lokið athugun málssins lætur hún uppi álit sitt sem er útbýtt á þingfund, ásamt tillögum að ályktun Alþingis sem skal rædd og

afgreidd við eina umræðu eftir reglum um síðari umræðu um þingsályktunartillögur.]<sup>4)</sup>

- [Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er eftir lok nóvembermánaðar, verða ekki teknar á dagskrá fyrir jólahlé nema með samþykkji þingsins, sbr. [81. gr.]<sup>5)</sup> Þá verða þingsályktunartillögur, sem útbýtt er síðar en 1. apríl, ekki teknar á dagskrá fyrir sumarhlé nema með samþykkji þingsins, sbr. [81. gr.]<sup>5)</sup> [Samþykkis má þó fyrst leita þegar liðnir eru fimm dagar frá útbýtingu tillögunnar en frá því má víkja ef þrír fimmu hlutar þeirra þingmannna er um það greiða atkvæði samþykkja.]<sup>4)</sup><sup>3)</sup>
- [Stjórnskipulegum fyrirvara skv. 103. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ber að afléttu með þingsályktun og skal haga framsetningu hennar í samræmi við reglur sem forseti setur.

□ Forsætisráðherra leggur í október á hverju ári fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd þeirra ályktana sem þingið samþykkti á næstliðnu ári og kalla á viðbrögð ráðherra eða ríkisstjórnar [auk yfirlits um framkvæmd þingsályktana sl. þrjú ár],<sup>6)</sup> nema lög kveði á um að haga skuli skýrslugjöf til þingsins á annan hátt. Í skýrslunni skal enn fremur fjalla um meðferð málefna sem þingið hefur vísað til ríkisstjórnar eða einstaks ráðherra. Þegar skýrslan hefur verið lögð fram skal hún ganga til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar til umfjöllunar. Nefndin getur lagt fyrir þingið alit sitt á skýrslu ráðherra og, ef hún telur ástæðu til, gert tillögur til þingsins um einstök atriði í skýrslunni.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 18. gr. <sup>3)</sup> L. 161/2007, 11. gr. <sup>4)</sup> L. 84/2011, 23. gr. <sup>5)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>6)</sup> L. 85/2012, 15. gr.

#### ■ [46. gr.]<sup>1)</sup>

- Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt ekki síðar en einni nótta áður en þær koma til umræðu. Breytingartillögu má fylgja stutt greinargerð. Ráðherra og hver þingmaður má koma fram með breytingartillögur við hverja umræðu sem er.
- Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við upphaf þess fundar er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig boríð upp breytingartillögu við frumvarp eða þingsályktunartillögu með jafnstuttum fresti.
- Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella, má eigi bera upp aftur á sama þingi. Forseti úrskurðar hvort það er sama atriði sem gerð er tillaga um og áður hefur verið fellt og er þingmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði.

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 39. gr.

#### ■ [47. gr.]

- Eftirriti stefnuræðu forsætisráðherra við upphaf þings skal fylgja yfirlit um þau mál sem ríkisstjórn hyggst leggja fram á þinginu ásamt áætlun um hvenær þeim verður útbýtt. Yfirlit- ið skal birta í Alþingistíðindum.
- Ríkisstjórnin skal við upphaf vetrarbings afhenda forseta endurskoðaða áætlun um framlagningu stjórnarfrumvarpa á vetrar- og vorþingi ásamt áætluðum útbýtingardegi, sbr. 1. mgr.
- Ráðherrar skulu að jafnaði á fyrstu vikum þings koma á fund þingnefnda er fjalla um málaflokka þeirra, sbr. 13. gr., og gera grein fyrir þeim þingmálum sem þeir hyggjast leggja fram á löggjafarþinginu, sbr. 1. mgr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 16. gr.

#### ■ [48. gr.]<sup>1)</sup>

- Þingmál, sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu við þinglok, falla niður.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 16. gr.

#### [IV. Eftirlitsstörf Alþingis og almennar umræður.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 24. gr.

#### ■ [[49. gr.]<sup>1)</sup>

- Alþingi, þingnefndir og einstakir alþingismenn hafa eftirlit með störfum framkvæmdarvaldsins. Eftirlitshlutverk Alþingis snýr að ráðherrum sem bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum, sbr. 14. gr. stjórnarskrár.
- Eftirlitsstörf alþingismanna fara fram með fyrirspurnum, skýrslubeiðnum og sérstökum umræðum samkvæmt ákvæðum þessa kafla þingskapa, en þingnefndir geta tekið upp mál er snúa að stjórnarframkvæmd ráðherra samkvæmt ákvæðum II. kafla, sbr. 5. og 8. tölul. 1. mgr. 13. gr., um fjárlaganefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, og 1. mgr. 26. gr., um athugun nefndar á málum að eigin frumkvæði.

□ Eftirlitsstörf Alþingis gagnvart ráðherrum taka til opinberra málefna. Með opinberu málefni er átt við sérhvert mál- efni er tengist hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess, svo og félaga og annarra lögðila sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins og annast stjórnsýslu eða veita almenningi opinbera þjónustu á grundvelli laga, stjórnvalds- fyrirmæla eða samnings.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 24. gr.

#### ■ [[50. gr.]<sup>1)</sup>

- Við umfjöllun um þingmál, við sérstakar umræður, í svörum við fyrirspurnum þingmannna og í skýrslum, hvort sem er að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni þingmannna, svo og við athugun mála að frumkvæði fastanefnda þingsins, skal ráðherra leggja fram þær upplýsingar sem hann hefur aðgang að og hafa verulega þýðingu fyrir mat þingsins á málinu.

□ Heimilt er að leggja fyrir Alþingi upplýsingar sem annars er óheimilt að veita samkvæmt reglum um þagnarskyldu. Skal þá grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að upplýsingarnar berist ekki óviðkomandi.

- Þingnefnd getur ákveðið að trúnaður ríki um tilteknar upplýsingar sem hún fær á nefndarfundi. Sömuleiðis tekur þingnefnd afstöðu til þess fyrir fram hvort hún tekur við upplýsingum sem bundnar eru þagnarskyldu að lögum eða ósk þess sem vill veita nefndinni þær.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 17. gr. <sup>3)</sup> L. 84/2011, 24. gr.

#### ■ [[51. gr.]<sup>1)</sup>

- Ef að minnsta kosti fjórðungur nefndarmanna krefst þess að nefnd fái aðgang að gögnum frá stjórnvöldum út af málí sem nefndin hefur til umfjöllunar skal stjórnvald verða við beiðni nefndarinnar þess efnis eins skjótt og unnt er og eigi síðar en sjö dögum frá móttöku beiðninnar. Því aðeins er heimilt að takmarka aðgang nefndar að gögnum að hagsmunir hennar af því að kynna sér efni þeirra eigi að víkja fyrir mun ríkari opinberum hagsmunum eða einkahagsmunum. Rökstyðja skal slíka synjun skriflega.

□ Ef lögmetar ástæður eru fyrir beiðni um að trúnaðar sé gætt um efni gagna skulu nefndarmenn kynna sér gögnum á lokuhálfum fundi án þess að fara með þau út af fundinum. Sá sem lætur nefndinni í té slísk gögn getur þó heimilað að nefndarmenn taki afruit með sér út af fundi og skulu nefndarmenn þá gæta þess vandlega að óviðkomandi geti ekki kynnt sér þau.

- Gögn sem afhent eru nefnd í trúnaði skulu varðveisitt í skjalasafni Alþingis samkvæmt reglum sem forsætisnefnd setur.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 24. gr.

**■ [[52. gr.]<sup>1)</sup>**

□ Þingmaður hefur þagnarskyldu um upplýsingar sem hann hefur fengið í starfi sínu ef þær eiga að fara leynt samkvæmt lögum eða lögmætri ákvörðun þess sem veitir upplýsingarnar, sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 24. gr.

**■ [53. gr.]<sup>1)</sup>**

□ Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni gerir hann það með skýrslu til Alþingis er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

□ Ef ráðherra óskar skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir ef núi þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir þá grein fyrir skýrslunni.

□ Ef ekki verður við komið að prenta og útbýta skýrslu skv. 1. mgr. eða ekki þykir ástæða til getur ráðherra gert grein fyrir opinberu málefni með munnlegri skýrslu til Alþingis. Fer þá um umræðu sem um skriflega skýrslu . . .<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 161/2007, 12. gr.

**■ [54. gr.]<sup>1)</sup>**

□ Núi þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. [Nefnd eða meiri hluti hennar getur sömuleiðis óskað eftir skýrslu ráðherra um opinbert málefni, sbr. [89. gr.]<sup>2)</sup>]<sup>3)</sup> Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta þingfundi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust hvort beiðnin skuli leyfð. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu sem leyfð hefur verið.

□ [Ráðherra skal ljúka skýrslugerðinni innan 10 vikna og skal skýrslan þá prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.]<sup>4)</sup>

□ Ef ráðherra eða skýrlubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir þá grein fyrir henni.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 84/2011, 25. gr. <sup>4)</sup> L. 74/1992, 2. gr.

**■ [55. gr.]<sup>1)</sup>**

□ [Alþjóðaneftnd skal leggja fyrir þingið ár hvert skýrslu um starfsemi sína. Skýrslum alþjóðaneftnda skal vísa til utanríkismálaneftndar til umfjöllunar. Utanríkismálaneftnd getur lagt fram skýrslu um alþjóðastarf Alþingis, á grundvelli skýrslna alþjóðaneftnda, og kemur hún á dagskrá eftir sömu reglum og almennt gilda um skýrslur.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 26. gr.

**■ [56. gr.]<sup>1)</sup>**

□ [Við umræður um skýrslur skv. 26., 31. og [53.–55. gr.]<sup>2)</sup> geta þingflokkar sammaelst um að hafa talsmenn, sbr. 6. mgr. [67. gr.],<sup>2)</sup> og fer þá um ræðutíma þeirra skv. [95. gr.]<sup>2)</sup>]<sup>3)</sup>

□ Vísa má skýrslu til nefndar. Sé það gert skal fresta umræðunni og henni eigi fram haldið fyrir en einni nótlu eftir útbýtingu nefndarálits. [Við framhald umræðunnar gilda að nýju ákvæði bingskapa um ræðutíma um skýrslur.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 161/2007, 13. gr. <sup>4)</sup> L. 85/2012, 18. gr.

**■ [57. gr.]<sup>1)</sup>**

□ Óski alþingismaður upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni, [sbr. 1. mgr. [54. gr.],<sup>2)</sup>]<sup>3)</sup> eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn er afhent skal forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði og mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn ef óskað er skriflegs svars.

□ Forseti ákveður svo fljótt sem hann telur sér unnt hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er getur forseti þó borði málið umræðulaust undir atkvæði á þingfundi. Skal það einnig gert ef fyrirspyrjandi óskar þess er forseti synjar fyrirspurn.

□ Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra . . .<sup>4)</sup>

□ [Á sérstökum þingfundi skal forseti taka á dagskrá fyrirspurnir er útbýtt hefur verið og ráðherra er tilbúinn að svara. Við það skal miða að ráðherra svari eigi síðar en tveimur vikum eftir að fyrirspurn er útbýtt.]<sup>4)</sup>

□ Fyrirspyrjandi eða framsögunaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, er hlut á að máli, svarar síðan fyrirspurn. . .<sup>5)</sup> [Öðrum þingmönnum er heimilt að gera einu sinni stutta athugasemd áður er fyrirspyrjandi og ráðherra tala öðru sinni.]<sup>5)</sup>

□ Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það að jafnaði [eigi síðar en 15 virkum dögum]<sup>3)</sup> eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið og skal það prentað og útbýtt meðal þingmanna á fundi. [Takist ráðherra ekki að svara fyrirspurninni innan þess frests sem ákveðinn er í þessari grein skal hann gera forseta Alþingis skriflega grein fyrir því, svo og hver ástæðan er og hvenær vænta megi svars til Alþingis.]<sup>3)</sup>

□ . . .<sup>4)</sup>

□ Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.

□ [Ef ráðherra hverfur úr embætti falla niður fyrirspurnir til hans sem ósvarað er.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 84/2011, 27. gr. <sup>4)</sup> L. 85/2012, 19. gr. <sup>5)</sup> L. 161/2007, 14. gr.

**■ [58. gr.]<sup>1)</sup>**

□ [Í allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum þingfundum, að jafnaði tvísvar í hverri heilli starfsviku, sbr. 2. mgr. 10. gr., getur forseti heimilað þingmönnum að bera fram munnlegar fyrirspurnir til ráðherra án nokkurs fyrirvara. Forsætisráðherra skal fyrir kl. 12 á hádegi undanfarandi föstudag tilkynna forseta hvaða ráðherrar, [að jafnaði eigi færri en prír],<sup>1)</sup> verði til svara á þingfundum í næstu viku. Forseti tilkynnir þingmönnum um ákvörðun forsætisráðherra. Verði forföll eða óski forsætisráðherra eftir að breyta fyrri ákvörðun eða bæta við nýjum ráðherra til að svara fyrirspurnum skal það tilkynnt eins fljótt og unnt er.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 19. gr. <sup>2)</sup> L. 161/2007, 14. gr.

**■ [59. gr.]<sup>1)</sup>**

□ [Í allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum þingfundum, að jafnaði tvísvar í hverri heilli starfsviku, sbr. 2. mgr. 10. gr., geta þingmenn kvatt sér hljóðs um störf þingsins, gefið yfirlysingu eða beint spurningum til formanna nefnda, formanna þingflokkka eða annarra þingmanna.]<sup>2)</sup>

□ . . .<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 19. gr. <sup>2)</sup> L. 161/2007, 15. gr. <sup>3)</sup> L. 85/2012, 20. gr.

**■ [60. gr.]<sup>1)</sup>**

□ [Forseti getur sett á dagskrá þingfundar sérstaka umræðu þar sem þingmenn geta fengið tekið fyrir mál hvort heldur er í formi yfirlysingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Þingmaður skal afhenda forseta skriflega beiðni hér um. Við slíka umræðu skal ráðherra vera til andsvara.

□ Sé málefni, sem tekið er fyrir skv. 2. mgr., í senn svo mikilvægt, umfangsmikið og aðkallandi að það rúmist ekki innan umræðumarka sérstakrar umræðu, sbr. [95. gr.],<sup>2)</sup> getur forseti heimilað lengri umræðutíma og rýmri ræðutíma hvers

þingmanns og ráðherra en ákveðinn er í [95. gr.]<sup>2)</sup> Skal forseti leita samkomulags þingflokkum um ræðutímann, en sker úr ef ágreiningur verður.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 84/2011, 28. gr.

### ■ [61 gr.]<sup>1)</sup>

□ [Forseti getur á fundartíma heimilað ráðherrum og formönnum stjórnmálflokkum að gefa sérstaka yfirlýsing og fulltrúum annarra flokka að bregðast við henni ef ástæða er til. Forseti ákveður ræðutíma þegar gefin er yfirlýsing af þessu tagi og eins þegar umræða fer fram um hana.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 28. gr.

### ■ [62. gr.]<sup>1)</sup>

□ [Við upphaf hvers þings skal forsætisráðherra flytja stefnuræðu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, en eftirrit af ræðumni skal afhent þingmönnum sem trúnaðarmál tveimur sólarrbringum áður en hún er flutt.

□ Forseti skal gera tillögu og leita samkomulags um fyrirkomulag umræðunnar, lengd hennar, umferðir og ræðutíma forsætisráðherra, þingflokkum og einstakra þingmannum, svo og þingmannum utan flokka. Ef ekki tekst samkomulag skal forseti ákveða fyrirkomulag umræðunnar en þingflokkur getur þó krafist þess að um ákvörðun forseta séu greidd atkvæði á þingfundum.

### □ ...<sup>2)</sup>[<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 21. gr. <sup>3)</sup> L. 68/2007, 28. gr.

### ■ [63. gr.]<sup>1)</sup>

□ [Á síðari hluta þings skal fara fram almenn stjórnmálaumræða. Um fyrirkomulag hennar gilda ákvæði 2. mgr. [62. gr.]<sup>2)</sup>]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 68/2007, 29. gr.

### ■ [64. gr.]<sup>1)</sup>

□ [Útvarpa skal frá þingsetningu, stefnuræðu forsætisráðherra og umræðum um hana og almennri stjórnmálaumræðu. Útvarpa skal umræðu um vantraust ef þingflokkur krefst þess.

□ Útvarpa skal umræðu um þingmál, eða hluta hennar, ef þingflokkur krefst þess og samkomulag er um það milli þingflokkum eða forseti hefur ákveðið slíka umræðu eftir kröfu þingflokkins. Þingflokkurinn á rétt á, sé kröfu hans hafnað, að beiðni hans sé borin undir atkvæði á þingfundum.

□ Um fyrirkomulag umræðu skv. 2. og 3. mgr. gilda ákvæði 2. mgr. [62. gr.]<sup>2)</sup>

□ Þegar segir að útvarpa skuli umræðum er skyldan bundin við Rfkisútvarpið.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 68/2007, 30. gr.

### [V.]<sup>1)</sup> Fundarsköp.

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 24. gr.

### ■ [65. gr.]<sup>1)</sup>

□ Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundum nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um fyrirspurnafundi.

□ Ef þingmaður forfallast svo að nauðsyn krefji að varamaður hans taki sæti hans á meðan skal hann tilkynna forseta það bréflega og jafnframt gera grein fyrir í hverju forföllin eru fölgin og hversu lengi þau muni vara. Forseti kynnir þinginu bréfið. Þegar varamaður tekur sæti í forföllum þingmanns skal hann ekki sitja skemur en [eina viku nema þingi hafi áður verið frestað eða þinghlé sé hafið samkvæmt starfsáætlun].<sup>2)</sup> Þingmaður nýtur ekki þingfararkaups meðan varamaður hans situr á þingi nema fjarvist sé vegna veikinda

eða þingmaður sé fjarverandi í opinberum erindum [í a.m.k. fimm þingdaga].<sup>2)</sup>

□ Þegar fundur er settur . . .<sup>3)</sup> skyrir forseti frá erindum þeim sem honum hafa borist eða þingskjölum sem útbýtt hefur verið. Þá er gengið til dagskrár.

□ [Á milli þingfunda má birta þingskjöl á heimasíðu Alþingis og telst sú birting jafngilda útbýtingu á þingfundum. Forseti setur nánari reglur um útbýtingu þingskjala á vef þingsins. Sama gildir um tilkynningar um þingsetu varamanna. Allar tilkynningar, sem birtast fyrst á vef þingsins samkvæmt þessari málsgrein, skal forseti endurtaka við upphaf næsta þingfundar eftir vefbirtingu.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 22. gr. <sup>3)</sup> L. 68/2007, 19. gr. <sup>4)</sup> L. 84/2011, 29. gr.

### ■ [66. gr.]<sup>1)</sup>

□ Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal mæla úr ræðustól. Þó getur forseti heimilað ræðumanni að tala úr sæti sínu ef nauðsyn krefur. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann. Kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða nefna hann fullu nafni.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr.

### ■ [67. gr.]<sup>1)</sup>

□ [Um ræðutíma um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, svo og önnur þingmál, [sérstakar umræður]<sup>2)</sup> og aðrar umræður samkvæmt þingsköpum gilda þær reglur sem tilgreindar eru í [95. gr.],<sup>3)</sup> yfirliti með reglum um ræðutíma.

□ Forseta er þó heimilað að rýmka ræðutíma um þingmál við hverja umræðu sem er ef það er svo umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem annars gilda, sbr. [86. gr.]<sup>3)</sup> Einnig er forseta heimilt að rýmka ræðutíma þingmanns ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst.

□ Um umræður um frumvarp til fjárlaga gildir tvöfaldur sá ræðutími sem tilgreindur er í [95. gr.]<sup>3)</sup> nema fyrir liggi samkomulag þingflokkum gilda tvöfaldur sá ræðutími sem tilgreindur er í [95. gr.]<sup>3)</sup> Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta tvísvar á hverju þingi. [Beiðnin skal vera skrifleg og borin fram áður en umræðan hefst.]<sup>2)</sup>

□ Framsögumaður telst sá sem svo er tilgreindur á skjali. Hafi hann forföll við umræðuna má fela öðrum að hafa fram-sögu með sömu réttindum meðan svo stendur. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn máls skal sá er fyrstur stendur á skjalinu teljast framsögumaður nema annar sé tilnefndur.

□ Talsmaður flokks eða þingflokkum telst sá sem fyrstur talar af hálfu flokksins nema formaður þingflokkins tilkynni forseta um annað.

### □ ...<sup>4)</sup>[<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 30. gr. <sup>3)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>4)</sup> L. 85/2012, 23. gr. <sup>5)</sup> L. 161/2007, 16. gr.

### ■ [68. gr.]<sup>1)</sup>

□ [Jafnan er heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, [um kosningu],<sup>2)</sup> um fundarstjórn forseta og til þess að bera af sér sakir.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 23. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 30. gr. <sup>3)</sup> L. 161/2007, 16. gr.

### ■ [69. gr.]<sup>1)</sup>

□ Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess þá er dagskrármálið er tekið fyrir. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra,

sem hlut á að máli, og framsögumann, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd er snertir sjálfan hann.

...<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 23. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 24. gr.

### ■ [70. gr.]<sup>1)</sup>

Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari. ...<sup>2)</sup> Heimilt er forseta að styttá ræðutíma hvers ræðumanns í pessum umræðum. ...<sup>2)</sup> Orðaskipti í andsvörum mega ekki standa lengur en í fimmtíð mínútur í einu.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 161/2007, 17. gr.

### ■ [71. gr.]<sup>1)</sup>

Ef umræður dragast úr hófi fram getur forseti úrskurðað að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákvæðinni tímalengd.

Forseti getur stungið upp á að umræðum sé hætt og einnig getur forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákvæðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo að hún standi skemur en þrjár klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðu-laust bornar undir atkvæði og ræður aftir atkvæða úrslitum.

Sömuleiðis geta níu þingmenn krafist þess að greidd séu atkvæði um það umræðulaust hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður. ...<sup>2)</sup>

Nú hefur verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákvæðinn ræðutími hvers þingmanns og skal þá forseti skipta umræðutímanum í heild sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka ef hentara þykir.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ræðutíma ráðherra.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 20. gr.

### ■ [72. gr.]<sup>1)</sup>

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr.

### ■ [73. gr.]<sup>1)</sup>

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp er það skylda forseta að gera hlé á fundinum um stundarsakir eða, ef nauðsyn ber til, slíta fundinum.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr.

### ■ [74. gr.]<sup>1)</sup>

Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi ...<sup>2)</sup>. Fyrirspurn má og aftulkalla.

[Breytingartillaga, sem er á dagskrá við 2. umræðu en hefur verið kölluð aftur að hluta eða í heild, kemur því aðeins á dagskrá við 3. umræðu að hún hafi verið flutt á ný.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 31. gr.

### ■ [75. gr.]<sup>1)</sup>

Þyki eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni sem á dagskrá er getur þingið vísað því til ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr.

### ■ [76. gr.]<sup>1)</sup>

...<sup>2)</sup>

Meðan á umræðum stendur má gera rökstudda tillögu um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifada. Slíka tillögu má og gera í prentuðu þingskjalí. [Tillagan kemur eigi til afgreiðslu fyrr en við lok umræðu.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 21. gr.

### ■ [77. gr.]<sup>1)</sup>

[Forseti boðar þingfund og ákvæður dagskrá hvers fundar.]<sup>2)</sup> [Þó má ákvæða dagskrá næsta fundar samkvæmt tillögu sem þingið samþykkir. Slíka dagskráttillögu má leggja fram meðan á fundi stendur og kemur hún til afgreiðslu í lok fundar eða fyrr á fundinum ef forseti ákvæður svo. Sé þingfundur ekki ályktunarbær, sbr. 78. gr., er tillagan kemur til atkvæða skal greiða atkvæði um tillöguna við upphaf næsta fundar.]<sup>3)</sup>

Forseti getur breytt röðinni á þeim málum sem eru á dagskrá og einnig tekið mál út af dagskrá.

[Forseti getur gert hlé á fundum þingsins, í samræmi við starfsáætlun þess, sbr. 10. gr. og 1. mgr. [86. gr.],<sup>4)</sup> en þó er honum skylt að boða til fundar, ef ósk berst um það frá forsetisráðherra eða meiri hluta þingmannana, með þeiri dagskrá sem slikti ósk fylgir.]<sup>5)</sup>

[Forseti getur gert ákvæðið, ef ósk liggur fyrir um það og enginn þingmaður andmælir því, að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu ef þau fjalla um skyld efnir eða það þykir hagkvæmt af öðrum ástæðum. Gildir þá ræðutími sem um eitt mál. Séu mál ósamkynja gildir sá ræðutími sem rýmstur er.]<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 161/2007, 18. gr. <sup>3)</sup> L. 85/2012, 25. gr. <sup>4)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>5)</sup> L. 68/2007, 22. gr.

### ■ [78. gr.]<sup>1)</sup>

Eigi má gera neina ályktun nema meira en helmingur þingmannna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslunni, sbr. 53. gr. stjórnarskrárinna. Þingmaður, sem er á fundi en greiðir ekki atkvæði við nafnakall [eða við atkvæðagreiðslu með rafeindabúnaði],<sup>2)</sup> telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

...<sup>2)</sup>

Skylt er þingmanni að vera viðstaddir og taka þátt í atkvæðagreiðslu nema hann hafi lögmet forföll eða fararleyfi.

Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfss sín.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 23. gr.

### ■ [79. gr.]<sup>1)</sup>

Forseti ræður því hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og hvernig hún fer fram. Þó getur þingið, ef [þingflokkur eða]<sup>2)</sup> níu þingmenn krefjast þess, breytt ákvörðun forseta.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 24. gr.

### ■ [80. gr.]<sup>1)</sup>

[Pá er forseti hefur ástæðu til að ætla að allir séu á einu málí eða úrslit málí séu ljós fyrir fram má hann lýsa yfir því að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu ef enginn þingmaður krefst þess að hún fari fram og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu. Um lokaafgreiðslu lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna verður forseti þó að viðhafa atkvæðagreiðslu.]

Atkvæðagreiðsla skal fara fram með rafeindabúnaði þar sem staðfest er hverjir taka þátt í henni og hvernig hver þingmaður greiðir atkvæði. Forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Atkvæði hvers þingmanns við lokaafgreiðslu lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna skal skrásetja í þingtíðindum, svo og við aðrar atkvæðagreiðslur nema

allir séu á einu máli. Skrifstofan varðveitir afrit allra atkvæðagreiðslna með rafeindabúnaði.

□ Ef atkvæðagreiðsla getur eigi farið fram með rafeindabúnaði skal hún fara fram á þann hátt að hver þingmaður réttir upp hönd þegar forseti leitar atkvæða með eða móti máli eða hvaða þingmenn greiði ekki atkvæði. Forseti lætur telja atkvæðin, svo og þá sem greiða ekki atkvæði, og skýrir frá úrslitum.

□ Forseti getur látið fara fram nafnakall í stað atkvæðagreiðslu skv. 2. eða 3. mgr. Honum er það og heimilt þótt atkvæðagreiðsla hafi áður farið fram ef hún hefur verið óglögg eða verið hreyft athugasemdum við hana, enda fari hin síðari atkvæðagreiðsla fram þegar í stað. Komi fram ósk um nafnakall skal við henni orðið. Við nafnakall skal farið eftir tölusetti nafnaskrá í stafrofsröð og hlutað um í hvert sinn á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið. Við nafnakall greiðir forseti atkvæði síðastur.

□ Atkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. má endurtaka þótt úrslitum hennar hafi verið lýst ef forseti telur ástaðu til þess eða ósk berst um það frá þingmanni. Hin nýja atkvæðagreiðsla skal þá fara fram þegar í stað og áður en nokkur önnur ályktun er gerð eða nýtt mál tekið fyrir. Vilji þingmaður á fundi gera leiðréttingu eftir að atkvæði hafa verið greidd skv. 2. mgr. er honum heimilt að láta skrá hana í þingtíðindin en þó því aðeins að hann hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Leiðréttin breytir ekki úrslitum atkvæðagreiðslunnar.<sup>1)</sup>

□ [Við atkvæðagreiðslu með rafeindabúnaði, svo og nafnakall, er þingmanni heimilt að gera stutta grein fyrir atkvæði sínu. . .<sup>3)</sup>]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 25. gr. <sup>3)</sup> L. 161/2007, 19. gr. <sup>4)</sup> L. 102/2007, 3. gr.

### ■ [81. gr.]<sup>1)</sup>

□ Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða nema öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpum. [Skal þá telja atkvæði með og móti máli.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 26. gr.

### ■ [82. gr.]<sup>1)</sup>

□ Um kosningar fer eftir því sem fyrir er mælt í 2. mgr. 3. gr. að því viðbætlu að þegar kjósa á um two menn eða fleiri, hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal forseti beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri er kennd er við d' Hondt (listakosning). Aðferðin er svo sem greinir í 2.–4. mgr.

□ Þeir þingmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefur tekið við listunum merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C o.s.frv., eftir því sem sjálfur hann ákveður eða ákveðið hefur verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B o.s.frv.) þess lista er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða en teljarar rita jafnóðum og telja saman hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o.s.frv. Tölu þeirri, sem hver listi fær þannig, er svo skipt, fyrst með 1, síðan 2, síðan með 3 o.s.frv. eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annarri, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

□ Kosning fer eftir hlutatölunum þannig að sá listi fær fyrsta mann er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann er á næst-hæsta hlutatölju o.s.frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hluta-

tölur koma á two eða fleiri lista skal varpa hlutkesti um hvor eða hver listanna skulu koma að manni.

□ Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð sem þeir standa á listanum.

□ Þegar kosnir eru varaforsetar samkvæmt síðari málslið 3. mgr. 3. gr. skal fella niður hæstu hlutatölju þess lista sem þingflokkur forsetans á aðild að. Að öðru leyti gilda ákvæði 3. og 4. mgr. um kjör varaforseta og röð þeirra.

□ Ef kjósa skal einnig varamenn skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð sem þeir standa á listanum.

□ [Þegar kjósa á um einn mann eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru og eigi hafa hreyft andmælum við því við forseta. Kosningin getur farið fram með rafeindabúnaði, sbr. 2. mgr. [80. gr.],<sup>2)</sup> þannig að jafna megi henni við skriflega kosningu.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 84/2011, 32. gr.

### ■ [83. gr.]<sup>1)</sup>

□ Þingfundir skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti lagt til eða þingmaður óskað þess að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut og sker þá þingið úr því hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum, sbr. 57. gr. stjórnarskráinnar.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr.

### ■ [84. gr.]<sup>1)</sup>

□ Forseti skipar fyrir um hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við fundi þá er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því getur forseti látið vísa honum á braut og, ef þörf er á, öllum áheyrendum.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr.

### [VI.]<sup>1)</sup> [Pingflokkar og þingmenn.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/2011, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 39. gr.

### ■ [85. gr.]<sup>1)</sup>

□ Skipi þingmenn sér í þingflokku skulu þeir velja sér formann er komi fram fyrir þeirra hönd gagnvart forseta og öðrum þingflokkum og þingmönnum.

□ Í þingflokku skulu vera a.m.k. þrír þingmenn. Tveir þingmenn geta þó myndað þingflokk enda sé til þingflokkssins stofnað þegar að loknum kosningum og þingmennirnir kosnir á listum sama stjórnmalaflokks eða sömu stjórnmalasamtaka.

□ Enginn þingmaður má eiga aðild að fleiri en einum þingflokkum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 27. gr.

### ■ [86. gr.]<sup>1)</sup>

□ Forseti skal hafa reglulega samráð við formenn þingflokku, eða fulltrúa þeirra, um skipulag þingstarfa og leggja fyrir þá til umfjöllunar starfsáætlun þingsins og áætlanir um þingstörf hvarrar viku.

□ Enn fremur skal forseti hafa samráð við formenn þingflokku um fyrirkomulag umræðna um mikilvæg mál ef ætla má að umræður verði miklar. [[Forseti getur þá, með samþykki allra þingflokkka, ákveðið áður en umræða hefst að ræðutími skuli vera annar en þingsköp ákveða, svo og hve lengi umræðan má standa. Þegar þannig er samið milli þingflokkka um umræðutíma skal skipta honum sem næst því að hálfu jafnt milli þingflokkka og að hálfu skal hafa hliðsjón af því hve margir þingmenn eiga aðild að hverjum þingflokkki, en forseti ákveður þá ræðutíma þingmanna utan flokka.]<sup>2)</sup> Um slíka ákvörðun skal þó leita samþykkitis þingfundar ef a.m.k. þrír þingmenn krefjast þess.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 68/2007, 27. gr. <sup>3)</sup> Um slíka ákvörðun skal þó leita samþykkitis þingfundar ef a.m.k. þrír þingmenn krefjast þess.]<sup>3)</sup>

□ [Forseti og forsætisnefnd skulu leita samráðs við formenn þingflokkum um þær reglur sem þeim er falið að setja samkvæmt lögum þessum.]<sup>4)</sup>

□ Forseti skal sjá um að þingflokkum og einstökum þingmönnum innan þeirra sé búin starfsaðstaða og hafa um það samráð við formenn þingflokkanna. Sama gildir um þingmenn utan flokka.

□ ...<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 161/2007, 20. gr. <sup>3)</sup> L. 102/1993, 7. gr. <sup>4)</sup> L. 84/2011, 33. gr.

### ■ [[87. gr.]]<sup>1)</sup>

□ Alþingismenn skulu, innan mánaðar frá því að nýkjörið þing kemur saman, gera opinberlega grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum utan þings eftir nánari reglum sem forsætisnefnd setur.

□ Sama gildir um varaptingmann sem tekur fast sæti á Alþingi, svo og um varaptingmann sem setið hefur samfellt fjórar vikur á þinginu. Enn fremur skulu ráðherrar, sem ekki eru jafnframt alþingismenn, fylgja sömu reglu.

□ Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu birtar á vef Alþingis þegar skráningu er lokið. Alþingismaður skal skrá nýjar upplýsingar innan mánaðar frá því að þær liggja fyrir.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 34. gr.

### ■ [[88. gr.]]<sup>1)</sup>

□ Forsætisnefnd skal undirbúa og leggja fram þingsályktunartillögu um siðareglur fyrir alþingismenn.

□ Forsætisnefnd fjallar um mál er varða siðareglur alþingismanna, framkvæmd þeirra og brot á þeim.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 24. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 34. gr.

## [VII.]<sup>1)</sup> Ýmisleg ákvæði.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr.

### ■ [[89. gr.]]<sup>1)</sup>

□ Alþingi má ekki taka við neinu málefni nema einhver þingmanna eða ráðherra taki það að sér til flutnings, sbr. 55. gr. stjórnarskrárinna.

□ [Að flutningi mál [skv. 37. og 45. gr.],<sup>2)</sup> svo og breytingartillagna við það, geta staðið þingmenn, ráðherrar, þingflokkar og fastanefndir, sérnefndir eða alþjóðanefndir, svo og forsætisnefnd. [Sama gildir um meiri hluta nefndar.]<sup>3)</sup>]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 40. gr. <sup>3)</sup> L. 84/2011, 35. gr. <sup>4)</sup> L. 68/2007, 31. gr.

### ■ [[90. gr.]]<sup>1)</sup>

□ [Umræður á Alþingi og þingskjöl skal [birta]<sup>2)</sup> í Alþingistíðindum. Skrifstofa Alþingis annast útgáfu Alþingistíðindanna.

□ Í A-deild Alþingistíðinda skal [birta]<sup>2)</sup> þingskjól og í B-deild skal [birta]<sup>2)</sup> allar umræður og auk þess dagskrár þingfunda, tilkynningar, atkvædagreiðslur og hvað annað sem fram fer á þingfundum og geta þar afgreiðslu mála og málstríða.

□ Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella sem þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og hljóðupptaka ber með sé. Engar efnisbreytingar má gera nema leiðréttá þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmilega þörf eða í því felist sjálfssögð leiðréttig.

□ Forseti getur sett nánari reglur um útgáfu Alþingistíðinda, þar á meðal um birtingu þeirra í rafrænum búningi.]<sup>3)</sup>

□ [Birta má á heimasíðu Alþingis á netinu öll gögn sem annars skal prenta. Telst sú birting jafngild prentun, nema annað sé tekið fram. Við rafræna útgáfu skal tryggja öryggi og

áreiðanleika birtra upplýsinga og að þær varðveitist á varanlegan hátt. Forseti getur sett reglur um hvernig birtingunni skuli háttat.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 27. gr. <sup>3)</sup> L. 68/2007, 32. gr. <sup>4)</sup> L. 84/2011, 36. gr.

### ■ [[91. gr.]]<sup>1)</sup>

□ Þingmálið er íslenska.

□ Ef hluti þingskjals er á erlendu tungumáli skal íslensk þýðing fylgja. Frá því má þó víkja ef sérstakar ástæður mæla með því og sá hluti þingskjals varðar ekki með beinum hætti meginnefni máls.

□ Ef þingmaður vitnar í prentað mál, sbr. [72. gr.],<sup>2)</sup> á erlendri tungu skal hann jafnframt þýða eða endurseiga efni þess að íslensku.

□ Ef gestur kemur á fund nefndar og getur ekki talað íslensku skal túlka mál hans. Frá því má þó víkja ef enginn hreyfir andmælum.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 84/2011, 37. gr.

### ■ [[92. gr.]]<sup>1)</sup>

□ Á vegum skrifstofu Alþingis starfar upplýsinga- og rannsóknabjónusta fyrir þingmenn og nefndir þingsins. Um starfsemina skal kveðið nánar á í reglum sem forsætisnefnd Alþingis setur.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr. <sup>2)</sup> L. 84/2011, 37. gr.

### ■ [[93. gr.]]<sup>1)</sup>

□ Ef þingmaður talar óvirðulega um forseta Íslands eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslýrðum eða víkur með öllu frá umtalsefninu skal forseti kalla til hans: „Þetta er vítabert“, og nefna þau ummæli sem hann vítur. Nú er þingmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá forseti, með samþykki fundarins, svipta þingmanninn málfrelni á þeim fundi.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr.

### ■ [[94. gr.]]<sup>1)</sup>

□ Eftir uppástungu forseta eða formanns þingflokkks má bregða út af þingsköpum þessum ef tveir þriðju hlutar þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykka.

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr.

### ■ [[95. gr.]]<sup>1)</sup>

□ [Rétturn þingmanna og ráðherra til að taka þátt í umræðum skal vera allt að þeim tíma sem tilgreindur er í eftifarandi yfirliti með reglum um ræðutíma, sbr. þó [59.–61. gr.],<sup>2)</sup> um sérstakar umræður, [62. og 63. gr.],<sup>2)</sup> um stefnuræðu og almennar stjórnámlaumræður, [67. gr.],<sup>2)</sup> um rýmkaðan rétt til umræðna, [70. gr.],<sup>2)</sup> um styttingu andsvara, [71. gr.],<sup>2)</sup> um takmörkun umræðna, [86. gr.],<sup>2)</sup> um umsaminn ræðutíma, og [64. gr.],<sup>2)</sup> um útvarp umræðu].<sup>3)</sup>

## REGLUR UM RÆÐUTÍMA

### 1. sinn 2. sinn Oftar

#### LAGAFRUMVÖRP

##### 1. umræða:

Flutningsmaður (ráðherra eða þingmaður) 30 mín. 15 mín. 5 mín.

Aðrir ráðherrar 15 mín. 5 mín. 5 mín.

Aðrir þingmenn 15 mín. 5 mín.

##### 2. umræða:

Framsögunaður nefndarálits 30 mín. 15 mín. 5 mín.

Ráðherra og flutningsmaður málss 20 mín. 10 mín. 5 mín.

Aðrir þingmenn 20 mín. 10 mín. 5 mín.

##### 3. umræða:

Sama og við 1. umræðu nema hvað framsögunaður nefndarálits kemur í stað flutningsmanns

**1. sinn 2. sinn Oftar****PINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR***Fyrri umræða:*

Flutningsmaður (ráðherra eða þingmaður)  
15 mín. 10 mín. 5 mín.

Ráðherra  
10 mín. 5 mín. 5 mín.

Aðrir þingmenn  
10 mín. 5 mín.

*Síðari umræða:*

Sama og við 2. umræðu lagafrumvarpa

*Ein umræða:*

Sama og við 2. umræðu lagafrumvarpa

**FYRIRSPURNIR**

Fyrirspyrjandi  
3 mín. 2 mín.

Ráðherra  
Aðrir þingmenn og ráðherrar (stuttathugasemd)  
5 mín. 2 mín.

**ÓUNDIRBÚNN FYRIR-SPURNATÍMI**

Fyrirspyrjandi og ráðherra  
2 mín. 1 mín.

**SKÝRSLUR**  
Framsögunaður (ráðherra eða þingmaður)  
20 mín. 10 mín. 5 mín.

Ráðherra  
Talsmaður þingfloks  
10 mín. 5 mín. 5 mín.

Aðrir þingmenn  
15 mín. 5 mín.  
10 mín. 5 mín.

**STÖRF PINGSINS**  
Þingmenn og ráðherrar  
2 mín. 2 mín.

**[SÉRSTÖK UMRÆÐA]<sup>3)</sup>**  
Málshefjandi  
Ráðherra (sem er til andsvara)

Aðrir þingmenn og ráðherrar  
5 mín. 2 mín.  
5 mín. 2 mín.  
2 mín. 2 mín.

...

**ANDSVÖR (ALLT AÐ 15 MÍN.)**

Pingmenn og ráðherrar

Ræðumaður

**ATHUGASEMDIR**

*Að gera grein fyrir atkvæði sínu  
Fundarstjórn forseta, bera af sér  
sakir, athugasemd um atkvæða-  
greiðslu [leða um kosningu]<sup>3)</sup>*

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr. <sup>2)</sup> L. 85/2012, 28. gr. <sup>3)</sup> L. 84/2011, 38. gr. <sup>4)</sup> L. 161/2007,  
21. gr.

**■ [96. gr.]<sup>1)</sup>**

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrárbreytingu  
þeirri sem samþykkt er á Alþingi sumarið 1991 ...

<sup>1)</sup> L. 85/2012, 26. gr.

**[Ákvæði til bráðabirgða.****■ I.**

Prátt fyrir ákvæði 4. mgr. 1. gr. skal reglulegt Alþingi  
2013, 143. löggjafarþing, koma saman þriðjudaginn 1. október, sbr. 35. gr. stjórnarskráinnar. Sama dag lýkur 142. löggjafarþingi sem var sett 6. júní 2013.

143. löggjafarþing skal standa fram til samkomudags  
reglulegs Alþingis 2014, annars þriðjudags septembermánaðar það ár, sbr. 4. mgr. 1. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2013, 1. gr.

**■ II.**

Prátt fyrir 4. mgr. 1. gr. skal 145. löggjafarþingi ljúka 29. október 2016.

Reglulegt Alþingi 2016, 146. löggjafarþing, skal koma  
samán þegar forseti Íslands hefur stefnt saman Alþingi, sbr.  
22. og 24. gr. stjórnarskráinnar, og standa fram til reglulegs  
samkomudags Alþingis 2017, annars þriðjudags september-  
mánaðar það ár, sbr. 35. gr. stjórnarskráinnar og 4. mgr. 1.  
gr. laga þessara.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 89/2016, 1. gr.